

Gullna Hliðið

í leikgerð Rannveigar Þorkelsdóttur

Persónur:

Jón: Kór

Kerling: Kór

Púkar: Kór

Frú:

Fógeti:

Fógeti 2:

Gísli:

Eiríkur:

Morðingi:

Tvíburar:

Tvíburar:

Stjórnamálamaður:

Unglingur

Unglingur

Unglingur:

Stúlka:

Pétur:

Davíð:

Páll:

María Mey

Gullna Hliðið

1. Þáttur; heima hjá Jóni

Jón: Mér er svo illt í maganum. Gefðu mér eitthvað að drekka.

Kerling: Það er ekkert að þér, hundskastu á fætur.

Jón: Gefðu mér Svala.

Kerling: Þú getur bara náð í hann sjálfur; á fætur með þig.

Jón: Gefðu mér gotterí.

Kerling: Nei, ég er að sópa. Hundskastu á lappir.

Hóstar

Púkar kom inn “ við viljum þig, við viljum þig, við viljum þig ”

Púkar fara

Kerling: Burt með ykkur. Hann er veikur, ekki dauður. Svona burt með ykkur.

Jón: Ég er að fara....bless.

Kerling: Jón, Jón minn. Ó Guð hann er að deyja...hvar er skjóðan? Svona oní með þig.

Setur skjóðu fyrir andlitið á Jóni



Frú: Er Jón ennþá í rúminu?

Kerling: Já.

Frú: Hvernig þolir þú þetta? Á fætur með þig karl...

Kerling: Hann er nú eiginlega dáinn.

Frú: Dáinn? Hvað ætlar þú að gera? *Fer að skæla*

Kerling: Svona svona, þetta verður allt í lagi. Ég ætla að koma sálinni hans Jóns míns til Himnaríkis.

Bankað

Fógeti: Er Jón hér?

Frú: Hann liggur þarna.

Fógeti: Er karlinn ennþá í rúminu! Jón á fætur með þig, þú skuldar mér pening.

Fógeti 2: Á ég að taka í hann?

Fógeti: Já, gerðu það.

Fógeti 2: Á fætur með þig karl minn.

Kerling: Hann er nú eiginlega dáinn.

Fógeti: Dáinn? *Fara að skæla, báðir.*

Kerling: Svona, svona þetta verður allt í lagi.

Tjald

2. Þáttur; Leiðin að Gullna Hliðinu

- Kerling: Jæja Jón minn, þetta gengur bara vel.
- Jón: Hvað meinar þú vel. Það er ekki gott að húka hér í dimmunni. Mig langar út.
- Kerling: Þú kemst út þegar við komum að hinu Gullna hliði.
Menn koma á svið. Elta kerlingu og stoppa.
- Kerling: Hverjir eru þið?
- Gísli: Við erum Bakkabræður.
- Eiríkur: Það vantar bara einn.
- Kerling: Bakkabræður?
- Gísli: Já, við erum bræður.
- Eiríkur: Nei, systur.
- Kerling: Viljið þið fá skjóðuna?
- Gísli: Já.
- Eiríkur: Nei, sokkinn.
- Kerling: Hvað ætlið þið að gera við sokkinn?
- Gísli: Þvo hann.



Eiríkur: Nei, veiða íkorna í hann.

Kerling: Komið ykkur burt....

Þeir fara

Jón: Hvað var þetta eiginlega?

Kerling: Einhverjir bræður sem vildu þvo sokkana mína.

Jón: Já fínt, láttu þá fá allan þvottinn.

Kerling: Suss, nú kemur einhver.

Morðingi læðist aftan að kerlingu og dettur.

Kerling: Hver ert þú?

Morðingi: Ég er bóndi...

Kerling: Bóndi? Hvað ert þú þá að gera með hníf?

Morðingi: Ég ætla að slá gras.

Kerling: Slá gras? Hvar?

Morðingi bendir upp

Kerling: Þetta er nú meira ruglið. Komdu þér í burtu.

Morðingi fer að gráta og grætur alltaf meira og meira.

Kerling: Svona, svona farðu bara heim til mömmu.

Hann fer



Kerling: Ekki er nú öll vitleysan eins.

Jón: Nú, hver var þetta?

Kerling: Þetta var umkomulaust ungmenni, sennilega í vetrarfríi.

Inn koma syngjandi tvíburar. Þeir syngja allt sem þeir segja.

Kerling: Hverjir eru þið?

Tvíburar: Við erum tvíburar.

Kerling: Hvert eruð þið að fara?

Tvíburar: Í dansskóla.

Kerling: Eru þið ekki í vitlausu leikriti?

Tvíburar: Hvaða leikrit er þetta?

Kerling: Þetta er Gullna hliðið .

Tvíburar: Ó, við eigum að vera í Footloose

Þau fara

Jón: Hvað var þetta?

Kerling: Leikarar í vitlausu leikriti.

Jón: Já, það gerist.

Inn kemur stjórnmalamaður sem eltir kerlinguna

Kerling: Hver ert þú?

Stjórnmalamaðurinn svarar ekki.

Kerling: Hvað heitir þú?
Hvert ert þú að fara?
Hvaðan kemur þú?
Ert þú að reyna að selja mér eitthvað?
Eru frá Samfylkingunni? Eða Sjálfstæðisflokki,
Ertu frá Framsókn?

Stjórnmm: *horfir á kerlingu með frosið bros*

Kerling: Svona, í burtu með þig.

Jón: Hvað var nú þetta?

Kerling: Einhver nýliði frá Framsóknarflokknum.

Unglingar koma á svið og syngja Til hamingju Ísland.

Kerling: Stelpur, stelpur, STELPUR.

Unglingar: Glætan, hvað?

Kerling: Vitið þið leiðina að Gullna hliðinu?

Unglingar: Já, já, þú ferð til vinstri og síðan til hægri og svo aftur til vinstri, síðan beint og síðan þrjú skref til baka, ókey, bæ bæ

Unglingar fara, inn kemur annar unglungur

Stúlka: Sástu nokkuð unglunga fara hér um?

Kerling: Já, af hverju?



Stúlka: Voru þær að syngja???

Kerling: Já.

Stúlka: Hvað?

Kerling: “ Til hamingju Ísland”

Stúlka: Sýlvía, Sýlvía.

Atriði úr Júróvísíon.

3. Þáttur; Gullna Hliðið

Kerling: Jæja ,Jón minn, loksins erum við komin.

Jón: Komin hvert?

Kerling: Nú að hinu Gullna hliði.

Jón: Er það allt úr gulli?

Kerling: Nei, en hér eru tvær súlur. Ekkert gull að sjá.

Jón: Ertu viss um að þú sért á réttum stað?

Kerling: Það kemur í ljós. *Bankar*

Hlið opnast og Lykla Pétur og Kári koma fram.

Pétur: Hvað er þér á höndum.

Kerling: Ég er að koma með sálina hans Jóns míns.

Pétur: Jón bóndi. Kári komdu með bókina. Látum okkur sjá.



Kíkir í bók sem Kári er með, þeir byrja að hlæja og hlæja lengi..

Kerling: Hvað er svona fyndið?

Pétur: Því miður frú mín góð þá getum við ekki hleypt Jóni inn fyrir Gullna hliðið.

Kerling: Af hverju ekki?

Kári: Samkvæmt mínum bókum var hann slæmur maður í lifanda lífi. Því miður, þetta er innmúrað og innsiglað.

Hlið lokast. Kerling bankar aftur.

Páll: Hvað get ég gert fyrir þig frú mín góð?

Kerling: Ég þarf svo að koma honum Jóni mínum inn fyrir hliðið. Getur þú hjálpað mér?

Páll: Því miður, Pétur og Kári eru ennþá hlæjandi að þessum brandara þínum.

Jón: Hvað meinar hann brandara?

Kerling: Þegiðu.

Páll: Ertu að segja mér að þegja?

Kerling: Nei, alls ekki, það er bara hann Jón...

Páll: Já hann Jón...*hlær*... Vertu sæl frú mín góð.

Heldur áfram að hlæja, ...hlið lokast

Jón: Þú getur ekkert. Karlarnir hlæja bara að þér.



Kerling: Þeir eru ekki að hlæja að mér Jón minn en þarna gafstu mér hugmynd.

Bankar aftur.. kór kemur úr og stillir sér upp. Byrjar að humma þegar María mey kemur út.

Kerling: Heilaga Guðsmóðir, getur þú ekki gert fátækri konu greiða og laumast með sálina hans Jóns míns inn fyrir hliðið.

María: Því miður kona góð en það get ég ekki. Vertu sæl.

Hún snýr sér við, lítur til baka og bíður eftir að kór byrji. Gefur þeim loks merki. Kór byrjar og þær ganga inn. Hliðið er að lokast. Kerling hendir skjóðunni inn fyrir. Hlið lokast.

Jón: Er ég virkilega kominn inn í himnaríki?

Pétur, Kári og Páll hætta að hlæja og fara að gráta.

Kerling: Það tókst., það tókst , það tókst. Jæja best að koma sér heim.

Tjaldið